

33. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Laugarfelli 3.9. 2024, kl. 9:00

Mætt eru: Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Anna Jóna Árnarsdóttir boðaði forföll. 1. Varamaður Urður Gunnarssdóttir var fjarverandi en 2. Varamaður Guðni Jónsson mætti. Undir lið 1. Ella Saurén, Elke Ringersma og Gyða Borg Barðadóttir fh. Óbyggðaseturs. Fundur settur kl 9:30. Sveitarstjórn samþykkir að bæta við nýjum lið nr 7. Fundargerð fjallskilaneftdar.

Dagskrá:

1. Laugarfell
2. Byggðakjarni
3. Samningur um vatnstökustað í Hamborg
4. Vegagerð í Norðurdal
5. Bændaferð til Færeyja
6. Samningur um afleysingu við Hengifoss
7. Fundargerð fjallskilaneftdar

1. Laugarfell

Sveitarstjórn fundaði með starfsmönnum Laugarfells og farið var yfir reksturinn og stöðuna. Húsakynin voru einnig skoðuð.

2. Byggðakjarni

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirbúa nauðsynlegar undirbúningsaðgerðir vegna uppbyggingar fyrirhugaðs byggðakjarna í Hamborg. Í þessu felst m.a. að sveitarstjóra er heimilt að gera samninga um skipulags- og hönnunarvinnu vegna byggðakjarnans og vegna framkvæmda við veitur og gatnagerð. Sveitarstjóri skal upplýsa sveitarstjórn um framvindu verkefnisins með reglubundnum hætti á sveitarstjórnarfundum.

3. Samningur um vatnstökustað í Hamborg

Kynnt.

4. Vegagerð í Norðurdal

Samkvæmt beiðni hefur borist verðhugmynd frá Héraðsverkum í frágang um eins kílómetra vegspotta í Norðurdal með klæðningu. Sveitarstjórn samþykkti að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Héraðsverk.

5. Bændaferð til Færeyja

Sveitarstjórn samþykkir að greiða far til Færeyja með Norrænu og gistingu á Hótel Branders, fyrir íbúa sveitarfélagsins, miða við framlagt tilboð.

6. Samningur um afleysingu við Hengifoss

Samningur samþykktur og sveitarstjóra farlið að ganga frá samningi.

7. Fundargerð fjallskilanevndar

Sveitarstjórn staðfestir fundargerð fjallskilanevndar dagsetta 20. ágúst 2024. Varðandi 3. lið síðustu málsgreinar þá samþykkir sveitarstjórn að færa til aukarétt við Sturluflöt eins og nefndin leggur til en formleg staðfesting á niðurlagningu aukaréttar verður tekin upp við næstu endurskoðun fjallskilasamþykktar á starfssvæði SSA.

Fundi slitið kl: 12:10

Halla ritaði fundargerð í tölvu

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti